

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 4. okt. 2016 kl. 16:00 – 17:00 í Hafnarskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Erna Gísladóttir

Mættir Þórgunnur Torfadóttir, Kristín Hermannsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Erna Gísladóttir, Ingibjörg María Jónsdóttir, Styrgerður Jóhannsdóttir, Aðalbjörg Baldvinsdóttir.

Dagskrá fyrsta fundar

1. **Viðfangsefni skólaráðs** – sjá reglugerð fyrir skólaráð í fundarboði . Gögn afhent ásamt viðburðadagatali og skóladagatali. Allir hvattir til að skoða heimasíðuna og koma með ábendingar. Beðið er um ábendingar um það sem vantar í stofnbúnað. Skólanámskráin er á heimasíðu og bent á lestrarstefnuna sem þar er. Nemendur í 7-10 bekk í Hofgarði koma þetta árið annað slagið. Farið yfir hlutverk skólaráðs. Óskað eftir efni á fundina frá ráðinu. Vilji til að halda áfram með umferðarmálin. Rætt um hjálmanotkun unglunga og hvort taka eigi upp vetrarfrí í Grunnskóla Hornafjarðar.
2. **Fundartími vetrarins** – ákveðinn fyrsti miðvikudagur í mánuði kl. 13.15. Næsti fundur 2. nóvember.
3. **Fulltrúi foreldra í skólanefnd** – Kristín Hermannsdóttir verður fulltrúi foreldra í skólanefnd og getur kallað á aðra í sinn stað þegar hún kemst ekki.
4. **Áherslur í skólasterfi** - Áhersla verður lögð á að ná markmiðum í betri samskiptum nemenda og betri árangur í náminu. Vanda Sigurgeirsdóttir kemur í lok október og heldur áfram að fræða starfsfólk GH um hvernig vinna skal áfram með góðan skólabrag. Þórgrímur Þráinsson kemur í einnig í október með erindi um sömu mál. Rætt um skífuritin sem sýnd voru á kynningarfundum. Miklar jákvæðar breytingar hafa orðið á skífunum síðan þá. Rætt um hvernig unnið er út frá niðurstöðum. Foreldrar voru ánægðir með að sjá skífurnar á kynningarfundum. Nemandi sá ekki mikinn tilgang með að sýna elsta bekknum skífuritin og sá enga breytingu. Vilji er til að vekja bæjarbúa til að vera jákvæðir í garð hvers annars. Umræður um að blanda saman yngri og eldri nemendum í skólasterfinu. Verkefnið Skólavinirnir gefa góða raun. Umræða um að fá elstu nemendur í sjálfböðavinnu.
5. **Rafræn samræmd próf** - Tæknilega gekk vel og beðið er eftir niðurstöðum.
6. **Önnur mál** –
 - a. Ákveðið er að bjóða formanni foreldrafélagsins á fundi skólaráðs.
 - b. Rætt um Fab-lab í kennslu. Töluvert er notast við Fab-lab í verkefnaskilum bekkir fá töluverða kynningu á Fab-lab.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Erna Gísladóttir.